



Matfugl ehf
Völuteigi 2
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 18.12.2024
UST202401-231/A.E.H.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 28. nóvember 2024 – Matfugl, Hurðarbak, Hvalfjarðarsveit, ID ID 392

Þann 28. nóvember sl. fór fram reglubundið eftirlit í Matfugl, Hurðarbak í Hvalfjarðarsveit. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Rekstraraðila var bent á að hafa þjálfunarskráningar fyrir starfmenn.

Þrjú frávík komu fram er varða:

1. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila, sbr, gr, 4.1, fyrir 1. maí ár hvert undangengið almanaksár. Ársyfirlit hefur ekki verið skilað til Umhverfisstofnunar.
2. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal færa grænt bókhald og skila því til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert. Grænt bókhald barst 18. júní sl. og því er frávikinu lokað.
3. 2.gr. reglugerð nr 990/2008 um útstreymisbókhald. Rekstraraðili skal færa útstreymisbókhald og skila því til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert. Útstreymisbókhald 2023 barst 23. maí sl. og því er frávikinu lokað.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 8. janúar 2025.

Virðingarfyllt

Auður Eyberg Helgadóttir
sérfræðingur

Kristín Kröyer
sérfræðingur